

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 580/2021 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast þrjú nýir töluliður, 3., 4. og 5. tölul., svohljóðandi:

3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1692 frá 21. september 2021 um breytingu á V., XIV. og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Botsvana í skránum yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti og kjötafurðum af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1937 frá 9. nóvember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar komu sendinga af lindýrum og krabbadýrum inn í Sambandið sem ætlunin er að halda til skrauts í lokaðri aðstöðu og um skrá yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra eða hólf þeirra þaðan sem aðflutningur til Sambandsins á slíkum sendingum er heimilaður.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1977 frá 12. nóvember 2021 um breytingu á V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið í skránum yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1692, (ESB) 2021/1937 og (ESB) 2021/1977 sem nefndar eru í 1. gr. eru birtar sem fylgiskjöl 1, 2 og 3 við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum og lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, öll með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 18. janúar 2022.

Svandís Svavarsdóttir
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal 1.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1692**

frá 21. september 2021

um breytingu á V., XIV. og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Botsvana í skránum yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti og kjötafurðum af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum l. mgr. 230. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er m.a. mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur vegna komu sendinga af dýrum, kímefnum og afurðum úr dýrarikinu inn í Sambandið og hún gildir frá og með 21. apríl 2021. Ein af þessum dýraheilbrigðiskröfum er sú að þessar sendingar verða að koma frá þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði eða hólfi þess sem er skráð í samræmi við l. mgr. 230. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 ⁽²⁾ bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur vegna komu sendinga af tilteknum tegundum og flokkum dýra, kímefna og afurða úr dýrarikinu inn í Sambandið frá þriðju löndum eða yfirráðasvæðum eða svæðum, eða frá hólfum þeirra ef um er að ræða lagareldisdýr. Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 er kveðið á um að einungis megi heimila að sendingar af dýrum, kímefnum og afurðum úr dýrarikinu, sem falla undir gildissvið hennar, komi inn í Sambandið ef þær koma frá þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði eða hólfi þess sem er skráð með tilliti til tiltekinnar tegundar og flokka dýra, kímefna og afurða úr dýrarikinu í samræmi við dýraheilbrigðiskröfurnar sem mælt er fyrir um í þeirri framseldu reglugerð.
- 3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 ⁽³⁾ er komið á fót skráum yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra eða hólfi þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn þessar tegundir og flokka dýra, kímefna og afurða úr dýrarikinu, sem falla undir gildissvið framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692, til Sambandsins.
- 4) Í V., XIV. og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 eru nánar tiltekið settar fram skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til, eftir því sem við á, að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti og kjötafurðum af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.
- 5) Hinn 6. september 2021 tilkynnti Botsvana Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni (OIE) um uppkomu alvarlegrar fuglainflúensu. Uppkoman var í grennd við Kgatlang-héraðið í þessu þriðja landi og var staðfest með greiningu á rannsóknarstofu (víxlrítakjamsýrumögnun) 27. ágúst 2021.
- 6) Í skránum yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra, sem settar eru fram í 1. hluta V. og XIV. viðauka og í A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404, er tilgreint að koma sendinga af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti og kjötafurðum af alifuglum og veiðifuglum inn í Sambandið frá Botsvana sé heimil. Að auki er sem stendur ekki að finna neinar kröfur í A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 um meðhöndlun til að draga úr áhættu vegna komu sendinga af kjötafurðum af strútfuglum inn í Sambandið frá þessu þriðja landi.
- 7) Vegna áhættu á að alvarleg fuglainflúensa berist inn í Sambandið í tengslum við komu sendinga af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti og kjötafurðum af alifuglum og veiðifuglum frá Botsvana og vegna þess að ábyrgðir, sem gera það kleift að svæðaskipta þessu þriðja landi, eru ekki fyrir hendi ætti ekki lengur að heimila komu slíkra sendinga inn í Sambandið. Að auki ætti að gera kröfu um meðhöndlun D til að draga úr áhættu, í samræmi við XXVI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692, vegna komu sendinga af kjötafurðum af strútfuglum inn í Sambandið frá þessu þriðja landi.
- 8) Því ætti að breyta færslunum fyrir Botsvana í skránum yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra, sem settar eru fram í töflunum í 1. hluta V. og XIV. viðauka og í töflunni í A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404, til að taka tillit til núverandi faraldsfræðilegra aðstæðna í þessu þriðja landi.
- 9) Því ætti að breyta V., XIV. og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 til samræmis við það.
- 10) Að teknu tilliti til núverandi faraldsfræðilegrar stöðu í Botsvana að því er varðar alvarlega fuglainflúensu ættu breytingarnar, sem gerðar eru á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 með þessari reglugerð, að taka gildi sem fyrst.
- 11) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýrarikinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýrarikinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (Stjtið. ESB L 114, 31.3.2021 bls. 1).

1. gr.

Ákvæðum V., XIV. og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. september 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula von der Leyen

forseti.

VÍÐAUKI

Ákvæðum V., XIV. og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir Botsvana í 1. hluta V. viðauka kemur eftirfarandi:

„BW Botsvana	BW-0	Strúfuglar til undaneldis og strúfuglar til framleiðslu	BPR	P1	C	27.8.2021	
		Dagsgamlir ungar strúfugla	DOR	P1	C	27.8.2021	
		Egg sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda	SPF				
		Útungunaregg strúfugla	HER	P1	C	27.8.2021“	

2) Í stað færslunnar fyrir Botsvana í 1. hluta XIV. viðauka kemur eftirfarandi:

„BW Botsvana	BW-0	Nýtt kjöt af strúfuglum	RAT	P1	C	27.8.2021“
-----------------	------	-------------------------	-----	----	---	------------

3) Í stað færslunnar fyrir Botsvana í A-þætti 1. hluta XV. viðauka kemur eftirfarandi:

„BW Botsvana	BW-0	B	B	B	B	B	B	B	EKKI LEYFT	D	EKKI LEYFT	MPST“
-----------------	------	---	---	---	---	---	---	---	------------	---	------------	-------

Fylgiskjal 2.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1937**

frá 9. nóvember 2021

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar komu sendinga af lindýrum og krabbadýrum inn í Sambandið sem ætlunin er að halda til skrauts í lokaðri aðstöðu og um skrá yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra eða hólf þeirra þaðan sem aðflutningur til Sambandsins á slíkum sendingum er heimilaður

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 230. gr.*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er m.a. mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur vegna komu sendinga af dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og hún gildir frá og með 21. apríl 2021. Ein af þessum dýraheilbrigðiskröfum er sú að þessar sendingar verða að koma frá þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði eða hólf þess sem er skráð í samræmi við 1. mgr. 230. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 ⁽²⁾ bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur vegna komu sendinga af m.a. tilteknum tegundum og flokkum lagardýra inn í Sambandið frá þriðju löndum eða yfirráðasvæðum eða svæðum, eða frá hölfum þeirra ef um er að ræða lagareldisdýr. Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 er kveðið á um að einungis megi heimila að sendingar af lagardýrum, sem falla undir gildissvið hennar, komi inn í Sambandið ef þær koma frá þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði, eða hólf þess ef um er að ræða lagareldisdýr, sem er skráð með tilliti til tiltekinnar tegundar og flokka þessara lagardýra í samræmi við dýraheilbrigðiskröfurnar sem mælt er fyrir um í þeirri framseldu reglugerð.
- 3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 ⁽³⁾ er komið á fót skrá yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra eða hólf þeirra þaðan sem aðflutningur til Sambandsins á m.a. tegundum og flokkum þessara lagardýra, sem falla undir gildissvið framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692, er heimilaður.
- 4) Árum saman hafa lindýr og krabbadýr sem ætlunin er að halda til skrauts í lokaðri aðstöðu verið flutt inn í Sambandið frá þriðju löndum eða yfirráðasvæðum sem voru á skrá hjá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni í samræmi við IV. kafla tilskipunar ráðsins 2006/88/EB ⁽⁴⁾, sem felld var úr gildi með reglugerð (ESB) 2016/429, og 11. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 ⁽⁵⁾ sem felld var úr gildi með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2236 ⁽⁶⁾. Innflutningur á þessum lagardýrum hefur ekki verið tengdur við uppkomur skráðra sjúkdóma hjá lindýrum eða krabbadýrum og á þessu tímabili hefur fengist reynsla af opinberu eftirliti sem innt var af hendi með slíkum sendingum á komustöðum inn í Sambandið og, í tilteknum tilvikum, af opinberu eftirliti sem framkvæmdastjórnin innti af hendi í viðkomandi þriðja landi eða yfirráðasvæði.
- 5) Samkvæmt i. lið 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni heimilt, með framkvæmdargerðum, að taka saman skrá yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði þaðan sem leyfa má aðflutning til Sambandsins á tilteknum tegundum og flokkum dýra á grundvelli reynslu sem fengist hefur af fyrri innflutningi á dýrum frá hlutaðeigandi þriðja landi eða yfirráðasvæði og af niðurstöðum úr opinberu eftirliti sem fram fór með slíkum dýrum á komustað inn í Sambandið.
- 6) Rétt þykir að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 til að taka tillit til reynslu sem fengist hefur af fyrri viðskiptum með þessi lindýr eða krabbadýr af skráðum tegundum og tryggja þar með snurðalaus umskipti frá fyrri lagaramma samkvæmt tilskipun 2006/88/EB og reglugerð (EB) nr. 1251/2008 yfir í nýja lagarammann samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/429.
- 7) Því ætti að breyta t-lið 1. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/404 til að taka tillit til nýju skrárinnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra eða hólf þeirra þaðan sem aðflutningur til Sambandsins á sendingum af lindýrum og krabbadýrum af skráðum tegundum, sem ætlunin er að halda til skrauts í lokaðri aðstöðu, er heimilaður.
- 8) Breyta ætti XXI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404, þar sem mælt er fyrir um skrá yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra eða hólf þeirra þaðan sem aðflutningur til Sambandsins á sendingum af tilteknum lagardýrum er heimilaður, til að bæta þessari nýju skrá við og af þeim sökum ætti að uppfæra núverandi skrá til samræmis við það. Til að tryggja gagnsæi ætti að skipta gildandi útgáfu af XXI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 út fyrir nýja útgáfu.
- 9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 til samræmis við það.
- 10) Þar eð framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 gildir frá 21. apríl 2021 ættu breytingarnar, sem á að gera á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 með þessari reglugerð, í þágu réttarvissu, að taka gildi sem fyrst.
- 11) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 er breytt sem hér segir:

1) Í stað t-liðar 1. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„t) XXI. viðauka fyrir lagadýr af skráðum tegundum, sem hér segir:

- i. A-þætti 1. hluta fyrir lagadýr af skráðum tegundum sem eru ætluð fyrir tiltekna lagareldisstöðvar, til sleppingar út í náttúruna eða í öðrum tilgangi en til manneldis, sem og fyrir tiltekin lagadýr af skráðum tegundum og afurðir úr dýraríkinu af þessum skráðu tegundum sem eru ætlaðar til manneldis,
- ii. B-þætti 1. hluta fyrir lindýr og krabbadýr sem ætlunin er að halda til skrauts í lokaðri aðstöðu.“

2) Í stað XXI. viðauka kemur textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. nóvember 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

Ursula VON DER LEYEN

(¹) Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

(²) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

(³) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þáðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (Stjtið. ESB L 114, 31.3.2021 bls. 1).

(⁴) Tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagadýrum (Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14).

(⁵) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja (Stjtið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41).

(⁶) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2236 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af lagadýrum og af tilteknum lagadýraafurðum og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 (Stjtið. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 410).

VIÐAUKI

Í stað XXI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 kemur eftirfarandi:

„XXI. VIÐAUKI

LAGARDÝR

1. HLUTI

A-ÞÁTTUR

Skrá yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra eða hölf þeirra þaðan sem aðflutningur til Sambandsins á sendingum af lifandi lagardýrum af skráðum tegundum, í tilgangi eins og um getur í i. lið t-liðar í 1. mgr. 3. gr., er heimilaður

ISO-kóði og heiti þriðja lands eða yfirráðasvæðis	Kóði svæðis eða hólfis eins og sett er fram í 2. hluta	Tegundir og flokkar sem er heimilt að flytja inn í Sambandið			Dýraheilbrigðis-vottorð	Sérstök skilyrði eins og er sett fram í 3. hluta	Dýraheilbrigðis-ábyrgðir eins og er sett fram í 4. hluta	Loka-dagsetning	Upphafsdagsetning	
		Fiskur	Lindýr	Krabbadýr						
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	
AU Ástralía	AU-0	Allar skráðar tegundir			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER					
					FISH-CRUST-HC	A				
BR Brasilía	BR-0	Skráðar tegundir <i>Cyprinidae</i>			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER					
					FISH-CRUST-HC	A				
CA Kanada	CA-0	Allar skráðar tegundir nema þær sem eru smitnæmar fyrir eða sem litið er á sem smitferjur fyrir veirublæði í samræmi við XXX. viðauka við reglugerð (ESB) 2020/692			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER					
					FISH-CRUST-HC	A				
					AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER					
					FISH-CRUST-HC	A				
					AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER					
					FISH-CRUST-HC	A				
					AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER					
					FISH-CRUST-HC	A				
					AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER					
FISH-CRUST-HC	A									
CA-1	Allar skráðar tegundir				AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER					
					FISH-CRUST-HC	A				
CA-2					AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER					
					FISH-CRUST-HC	A				
CA-3					AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER					
					FISH-CRUST-HC	A				
CA-4					AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER					
					FISH-CRUST-HC	A				
CA-5					AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER					
	FISH-CRUST-HC	A								
CA-6	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER									
	FISH-CRUST-HC	A								
CA-7	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER									
	FISH-CRUST-HC	A								

	CA-8				AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
	CA-9				AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
	CA-10				AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
	CA-11				AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
	CA-12				AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
CG Kongó	CG-0	Allar skráðar tegundir <i>Cyprinidae</i>			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
CH Sviss	CH-0	Með fyrirvara um samninginn sem um getur í 7. lið I. viðauka							
CL Chile (Sile)	CL-0	Allar skráðar tegundir			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
CN Kína	CN-0	Allar skráðar tegundir <i>Cyprinidae</i>			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
CO Kólumbía	CO-0	Allar skráðar tegundir <i>Cyprinidae</i>			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
GB Breska konungsríkið	GB-0	Allar skráðar tegundir	Allar skráðar tegundir	Allar skráðar tegundir	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
					MOL-HC	B			
GG Guernsey	GG-0	Allar skráðar tegundir	Allar skráðar tegundir	Allar skráðar tegundir	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
					MOL-HC	B			
HK Hong Kong	HK-0	Allar skráðar tegundir <i>Cyprinidae</i>			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
ID Indónesía	ID-0	Allar skráðar tegundir			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
IL Ísrael	IL-0	Allar skráðar tegundir			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			

IM Mön	IM-0	Allar skráðar tegundir			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
JE Jersey	JE-0	Allar skráðar tegundir	Allar skráðar tegundir	Allar skráðar tegundir	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
					MOL-HC	B			
JM Jamaika	JM-0	Allar skráðar tegundir <i>Cyprinidae</i>			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
JP Japan	JP-0	Allar skráðar tegundir <i>Cyprinidae</i>			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
LK Sri Lanka	LK-0	Allar skráðar tegundir <i>Cyprinidae</i>			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
MK Norður-Makedónía	MK-0	Allar skráðar tegundir <i>Cyprinidae</i>			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
MY Malasia	MY-1	Allar skráðar tegundir <i>Cyprinidae</i>			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
NZ Nýja-Sjáland	NZ-0	Allar skráðar tegundir			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
RU Rússland	RU-0	Allar skráðar tegundir			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
SG Singapúr	SG-0	Allar skráðar tegundir <i>Cyprinidae</i>			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
TH Taíland	TH-0	Allar skráðar tegundir			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
TR Tyrkland	TR-0	Allar skráðar tegundir			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
TW Taívan	TW-0	Allar skráðar tegundir <i>Cyprinidae</i>			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			
US Bandaríkin ⁽¹⁾	US-0	Allar skráðar tegundir nema þær sem eru smitnæmar fyrir eða sem litið er á sem smitferjur fyrir veirublæði í samræmi við XXX. viðauka við reglugerð (ESB) 2020/692		Allar skráðar tegundir	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			

	US-1	Allar skráðar tegundir			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER FISH-CRUST-HC	A			
	US-2		Allar skráðar tegundir		MOL-HC	B			
	US-3		Allar skráðar tegundir		MOL-HC	B			
	US-4		Allar skráðar tegundir		MOL-HC	B			
	US-5		Allar skráðar tegundir		MOL-HC	B			
ZA Suður-Afrika	ZA-0	Allar skráðar tegundir			AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
					FISH-CRUST-HC	A			

B-ÞÁTTUR

Skrá yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra eða hólf þeirra þaðan sem aðflutningur til Sambandsins á sendingum af lindýrum og krabbadýrum af skráðum tegundum, sem ætlunin er að halda til skrauts í lokaðri aðstöðu eins og um getur í ii. lið t-liðar í 1. mgr. 3. gr., er heimilaður

ISO-kóði og heiti þriðja lands eða yfirráðasvæðis	Kóði svæðis eða hólfis eins og sett er fram í 2. hluta	Dýraheilbrigðisvottorð	Sérstök skilyrði eins og er sett fram í 3. hluta	Dýraheilbrigðisábyrgðir eins og er sett fram í 4. hluta	Loka-dagsetning	Upphafsdagsetning
1	2	3	4	5	6	7
AU Ástralía	AU-0	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
BZ Belís	BZ-0	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
CA Kanada	CA-0	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
CG Kongó	CG-0	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
CK Cooks-eyjar	CK-0	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
CN Kína	CN-0	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
CM Kamerún	CM-0	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
CO Kólumbía	CO-0	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
CR Kosta Ríka	CR-0	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
CU Kúba	CU-0	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
DJ Djibútí	DJ-0	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
DO Dóminíska lýðveldið	DO-0	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
EC Ekvador	EC-0	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				
EG Egyptaland	EG-0	AQUA-ENTRY-ESTAB/RELEASE/OTHER				

ET Eþíópía	ET-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
FJ Fiji	FJ-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
FM Míkrónesía	FM-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
GB Breska konungsríkið	GB-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
GG Guernsey	GG-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
GH Gana	GH-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
HK Hong Kong	HK-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
ID Indónesía	ID-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
IL Ísrael	IL-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
IN Indland	IN-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
IM Mön	IM-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
JE Jersey	JE-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
JP Japan	JP-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
KE Kenya	KE-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
KI Kiribatí	KI-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
KN Sankti Kitts og Nevis	KN-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
LK Srí Lanka	LK-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
MG Madagaskar	MG-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
MH Marshall-eyjar	MH-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
MV Maldívur	MV-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
MW Malaví	MW-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
MX Mexikó	MX-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
MY Malasía	MY-1	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
NC Nýja-Kaledónía	NC-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
NE Niger	NE-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
NG Nigería	NG-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
NI Níkaragva	NI-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				

NR Naúrú	NR-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
NU Niue	NU-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
PA Panama	PA-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
PE Perú	PE-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
PF Franska Pólýnesia	PF-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
PG Papúa Nýja-Gínea	PG-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
PH Filippseyjar	PH-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
PN Pitcairn	PN-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
PW Palaú	PW-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
PY Paragvæ	PY-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
SB Salómonseyjar	SB-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
SG Singapúr	SG-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
SL Sierra Leóne	SL-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
SO Sómália	SO-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
TG Tógó	TG-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
TH Tailand	TH-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
TK Tökelá	TK-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
TO Tonga	TO-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
TT Trinidad og Tóbagó	TT-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
TV Túvalú	TV-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
TW Taívan	TW-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
TZ Tansanía	TZ-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
US Bandaríkin (²)	US-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
VN Vietnam	VN-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
WF Wallis- og Fútúnaeyjar	WF-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
WS Samóa	WS-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				

ZA Suður-Afrika	ZA-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				
ZM Zambia	ZM-0	AQUA-ENTRY- ESTAB/RELEASE/OTHER				

(¹) Þar með talin Púertó Ríkó, Bandarísku Jómfrúaeypjar, Bandaríska Samóa, Gvam og Norður-Marianaeyjar.

(²) Þar með talin Púertó Ríkó, Bandarísku Jómfrúaeypjar, Bandaríska Samóa, Gvam og Norður-Marianaeyjar.

Fylgiskjal 3.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1977**

frá 12. nóvember 2021

um breytingu á V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið í skránum yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 230. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er þess krafist að sendingar af dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið verði að koma frá þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði eða hólfi þess sem er skráð í samræmi við 1. mgr. 230. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 ⁽²⁾ eru tilgreindar dýraheilbrigðiskröfur sem sendingar af tilteknum tegundum og flokkum dýra, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu, sem koma frá þriðju löndum eða yfirráðasvæðum eða svæðum þeirra, eða frá hólfum þeirra ef um er að ræða lagareldisdýr, verða að uppfylla til að koma inn í Sambandið.
- 3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 ⁽³⁾ er komið á fót skráum yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra eða hólfi þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn tegundir og flokka dýra, kímefna og afurða úr dýraríkinu, sem falla undir gildissvið framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692, til Sambandsins.
- 4) Í V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 eru nánar tiltekið settar fram skrár yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til, eftir því sem við á, að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.
- 5) Hinn 5. nóvember 2021 tilkynnti Breska konungsríkið framkvæmdastjórninni um uppkomur alvarlegrar fuglainflúensu í alifuglum. Þessar uppkomur voru í grennd við Wrexham County Borough í Wales og í grennd við Arbroath, Angus í Skotlandi og voru staðfestar með greiningu á rannsóknarstofu (víxlritakjarnsýrumögnun) annars vegar 2. nóvember og hins vegar 4. nóvember 2021.
- 6) Hinn 9. nóvember 2021 tilkynnti Breska konungsríkið framkvæmdastjórninni um uppkomu alvarlegrar fuglainflúensu í alifuglum. Uppkoman var í grennd við Alcester, Bidford, Warwickshire á Englandi og var staðfest með greiningu á rannsóknarstofu (víxlritakjarnsýrumögnun) 8. nóvember 2021.
- 7) Heilbrigðisýfirvöld á sviði dýra og dýraafurða í Breska konungsríkinu komu upp 10 km varnarsvæði umhverfis starfsstöðina sem varð fyrir áhrifum og innleiddu niðurskurðarstefnu til að verjast tilvist alvarlegrar fuglainflúensu og hefta útbreiðslu sjúkdómsins.
- 8) Breska konungsríkið hefur lagt upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina um faraldsfræðilegar aðstæður á yfirráðasvæði sínu og til hvaða aðgerða það hefur gripið til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu alvarlegrar fuglainflúensu. Framkvæmdastjórnin hefur lagt mat á þessar upplýsingar. Á grundvelli þessa mats ætti ekki lengur að heimila komu sendinga af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum inn í Sambandið frá svæðinu þar sem heilbrigðisýfirvöld á sviði dýra og dýraafurða í Breska konungsríkinu settu takmarkanir vegna nýlegra uppkoma alvarlegrar fuglainflúensu.
- 9) Því ætti að breyta V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 til samræmis við það.
- 10) Að teknu tilliti til núverandi faraldsfræðilegrar stöðu í Breska konungsríkinu að því er varðar alvarlega fuglainflúensu ættu breytingarnar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að taka gildi sem fyrst.
- 11) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

Ursula VON DER LEYEN

(¹) Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

(²) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýrarikinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

(³) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýrarikinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (Stjtið. ESB L 114, 31.3.2021 bls. 1).

VIDAUKI

Ákvæðum V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í færslunni fyrir Breska konungsríkið í 1. hluta er eftirfarandi svæðum GB-2.17, GB-2.18 og GB-2.19 bætt við á eftir svæði GB-2.16:

GB	GB-2.17	Alifuglar til undaneldis, aðrir en strútfuglar, og alifuglar til framleiðslu, aðrir en strútfuglar	BPP	N, P1	2.11.2021	
Breska konungsríkið		Strútfuglar til undaneldis og strútfuglar til framleiðslu	BPR	N, P1	2.11.2021	
		Alifuglar sem eru ætlaðir til slátrunar, aðrir en strútfuglar	SP	N, P1	2.11.2021	
		Strútfuglar sem eru ætlaðir til slátrunar	SR	N, P1	2.11.2021	
		Dagsgamlir ungar, aðrir en strútfuglar	DOC	N, P1	2.11.2021	
		Dagsgamlir ungar strútfugla	DOR	N, P1	2.11.2021	
		Færri en 20 alifuglar, aðrir en strútfuglar	POU-LT20	N, P1	2.11.2021	
		Útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla	HEP	N, P1	2.11.2021	
		Útungunaregg strútfugla	HER	N, P1	2.11.2021	
		Færri en 20 alifuglar, aðrir en strútfuglar	HE-LT20	N, P1	2.11.2021	
		Alifuglar til undaneldis, aðrir en strútfuglar, og alifuglar til framleiðslu, aðrir en strútfuglar	BPP	N, P1	4.11.2021	
		Strútfuglar til undaneldis og strútfuglar til framleiðslu	BPR	N, P1	4.11.2021	
		Alifuglar sem eru ætlaðir til slátrunar, aðrir en strútfuglar	SP	N, P1	4.11.2021	
		Strútfuglar sem eru ætlaðir til slátrunar	SR	N, P1	4.11.2021	
		Dagsgamlir ungar, aðrir en strútfuglar	DOC	N, P1	4.11.2021	
		Dagsgamlir ungar strútfugla	DOR	N, P1	4.11.2021	
		Færri en 20 alifuglar, aðrir en strútfuglar	POU-LT20	N, P1	4.11.2021	
		Útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla	HEP	N, P1	4.11.2021	
		Útungunaregg strútfugla	HER	N, P1	4.11.2021	
		Færri en 20 alifuglar, aðrir en strútfuglar	HE-LT20	N, P1	4.11.2021	
		Alifuglar til undaneldis, aðrir en strútfuglar, og alifuglar til framleiðslu, aðrir en strútfuglar	BPP	N, P1	8.11.2021	
		Strútfuglar til undaneldis og strútfuglar til framleiðslu	BPR	N, P1	8.11.2021	
		Alifuglar sem eru ætlaðir til slátrunar, aðrir en strútfuglar	SP	N, P1	8.11.2021	
		Strútfuglar sem eru ætlaðir til slátrunar	SR	N, P1	8.11.2021	
		Dagsgamlir ungar, aðrir en strútfuglar	DOC	N, P1	8.11.2021	
		Dagsgamlir ungar strútfugla	DOR	N, P1	8.11.2021	
		Færri en 20 alifuglar, aðrir en strútfuglar	POU-LT20	N, P1	8.11.2021	
		Útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla	HEP	N, P1	8.11.2021	
	Útungunaregg strútfugla	HER	N, P1	8.11.2021		
	Færri en 20 alifuglar, aðrir en strútfuglar	HE-LT20	N, P1	8.11.2021		

- b) Í færslunni fyrir Breska konungsríkið í 2. hluta er eftirfarandi lýsingum á svæðum GB-2.17, GB-2.18 og GB-2.19 bætt við á eftir lýsingunni á svæði GB-2.16:

„Breska konungsríkið	GB-2.17	Í grennd við Wrexham, Wales: Svæði sem nær yfir þann hluta Wrexham, Wales og Shropshire, Englandi sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N52.94 og W3.07
	GB-2.18	Í grennd við Arbroath, Angus, Skotlandi: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N56.65 og W2.61
	GB-2.19	Í grennd við Alcester, Bidford, Warwickshire, Englandi: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N52.15 og W1.86“

2. Í færslunni fyrir Breska konungsríkið í 1. hluta XIV. viðauka er eftirfarandi svæðum GB-2.17, GB-2.18 og GB-2.19 bætt við á eftir svæði GB-2.16:

„GB Breska konungsríkið	GB-2.17	Nýtt kjöt af alifuglum, öðrum en strútfuglum	POU	N, P1	2.11.2021	
		Nýtt kjöt af strútfuglum	RAT	N, P1	2.11.2021	
		Nýtt kjöt af veiðifuglum	GBM	N, P1	2.11.2021	
	GB-2.18	Nýtt kjöt af alifuglum, öðrum en strútfuglum	POU	N, P1	4.11.2021	
		Nýtt kjöt af strútfuglum	RAT	N, P1	4.11.2021	
		Nýtt kjöt af veiðifuglum	GBM	N, P1	4.11.2021	
	GB-2.19	Nýtt kjöt af alifuglum, öðrum en strútfuglum	POU	N, P1	8.11.2021	
		Nýtt kjöt af strútfuglum	RAT	N, P1	8.11.2021	
		Nýtt kjöt af veiðifuglum	GBM	N, P1	8.11.2021“	